

**Mál nr. 303/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys við notkun krana þegar timburbúnt féll á M þann 16.06. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 29.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína í umrætt sinn sbr. fyrirliggjandi gögn þegar timburbúnt féll á hann við hífingu.

Vátryggingfélagið telur ósannað að rekja megí slysið til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að slys M megí rekja til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. október 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.